



FORNLEIFAKÖNNUN Á HÓLSFJÖLLUM – BAKKASTAÐIR OG ÞRÆLAGERÐI

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES. FS410-08251

UGGI ÆVARSSON

REYKJAVÍK 2009

© Fornleifastofnun Íslands 2009
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is



EFNI

FORNLEIFAKÖNNUN Á HÓLSFJÖLLUM – BAKKASTAÐIR OG ÞRÆLAGERÐI	1
1. INNGANGUR	4
2. RANNSÓKNARSVÆÐI – STAÐSETNING: HÓLSFJÖLL.....	4
3. RANNSÓKNASAGA	4
ELSTU VÍSBENDINGAR UM BYGGÐ Á HÓLSFJÖLLUM:	5
4. MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD KÖNNUNARSKURÐA SUMARIÐ 2008	10
5. NIÐURSTÖÐUR	18
6. HEIMILDIR	19
SNIÐTEIKNING	
JARÐ- OG MANNVISTARLAGASKRÁ	
SÝNSKRÁ	

1. INNGANGUR

Sumarið 2008 var land lagt undir fót og haldið norður á Hólsfjöll. Tilgangurinn var að grafa þrjú svæði við tvö eyðibýli, Bakkastaði og Þrælagerði, í því augnamiði að kanna eðli, umfang og aldur mannvirkjanna. Fornleifasjóður gerði rannsóknarleiðangurinn mögulegan. Uggi Ævarsson fornleifafræðingur stjórnaði uppgrefti með aðstoð Guðrúnar Öldu Gísladóttur fornleifafræðings. Ævar Kjartansson lagði hönd á plóg. Þakkir eru færðar heimamönnum og landeigendum fyrir stuðninginn.

2. RANNSÓKNARSVÆÐI – STAÐSETNING: HÓLSFJÖLL

Svæðið sem kallað er Hólsfjöll er austan við Jökulsá á Fjöllum, upp af Öxarfirði, og er nyrsti hluti hásléttu sem nær nokkurn veginn frá Dettifossi með litlum halla upp að Vatnajökli. Landssvæðið er háslétt í 350–450 m hæð yfir sjávarmáli og er hæsta byggð yfir sjó á landinu með Möðrudal sem eru 30 km suðaustur frá Grímsstöðum. Ámóta langt er til sjávar frá Grímsstöðum niður í Öxarfjörð og Vopnafjörð, rétt um 60 km í beinni loftlínu en rétt um 30 km vestur til Reykjahlíðar við Mývatn.

Sandmelar, móar og mýrar skiptast á í jöfnu landslaginu, að vestanverðu á grágrytisberggrunni, en austar rísa miklir móbergsfjallgarðar sem liggja milli Austur- og Norðausturlands (Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands 1989). Fjallgarðarnir bera nokkur nöfn og eru þau helstu Dimmifjallgarður syðst, þá Haugsöræfi, Heljardalsfjöll og Hvannstaðafjallgarður. Fellin á þessum slóðum eru almennt úr móbergi (Hjörleifur Guttormsson 1987, 147). Að vestan markast sveitin af Jökulsá á Fjöllum og að austan af fyrrenfdum fjallgördum. Ytri- og Syðri-Grímsstaðanúpar eru allhá fjöll syðst í sveitinni sem skilja hana frá Möðrudal sem er í Norður-Múlasýslu. Að norðan eru sveitarmörkin ekki jafn skýr en þó má segja að Hólssandur, í norðvestri, og Búrfellsheiði í norðnorðaustri afmarki sveitina. Hólsfjallaland er rúmum 920 ferkílómetrar að stærð (Anna Bragadóttir 2003, 24). Hólsfjöll eru á mörkum landshluta, Norðausturlands og Austurlands, og hafa um aldir verið í þjóðleið.

3. RANNSÓKNASAGA

Undirritaður fornleifaskráði Hólsfjöll sumarið 2003 og skrifaði MA ritgerð um byggðasögu þessarar hálandisbyggðar. Við það verkefni kviknaði raunverulegur áhugi á að rannsaka sögu svæðisins og menningu. Engar markvissar, fornleifafræðilegar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu en þó fannst kuml við Gömlu-Grímsstaði sem var grafið árið 1962 og mun það hafa verið frá 10. öld (Þorkell Grímsson 1965, 84–86); dýrabeinafræðingur las í beinasafn sem tint hafði verið saman við Gömlu-Grímsstaði (1996) og gjóskulagafræðingur skoðaði gjóskulög í tengslum við fornleifaskráninguna árið 2003. Upp úr Íslensku fornbréfasafni hefur verið safnað heimildum og verður vikið að þeim hér á eftir.

ELSTU VÍSBENDINGAR UM BYGGÐ Á HÓLSFJÖLLUM:


LEGSTAÐUR FRÁ VÍKINGATÍÐ: Árið 1962 fannst spjótsoddur hjá uppblásnum beinum fast norðan við tóftir Gömlu-Grímsstaða. Bein höfðu áður sést við tóftirnar og árið 1952 voru Þjóðminjasafninu sendar leifar úr höfuðkúpu manns, sauðaleggir, hornsló (innan úr dýrshorni), gjallmolar og fleira smálegt sem tínt hafði verið saman við tóftirnar. Þorkell Grímsson fornleifafræðingur gróf í kumlið, sem var örfoka og illa farið, og fann mannabein en ekki annað haugfé (Þorkell Grímsson 1965, 84-86). Jón Steffensen skoðaði beinin og áleit að þrjú einstaklingar hefðu verið grafnir þar, „um 12 ára gamalt barn og ungur maður en kyn þeirra óvíst, og loks einn fullorðinn sem gæti hafa verið kona.“ (Kuml og haugfé 2000, 211). Hildur Gestsdóttir mannabeinafræðingur telur hinsvegar að bein tveggja einstaklinga hafi komið upp úr gröfinni, af 7-12 ára barni og fullorðnum einstaklingi hvers kyn er óvíst. Þorkell taldi að hauskúpuleifar þær sem fundust árið 1952 væru ættaðar úr kumlinu (Þorkell Grímsson 1965, 85). Vegna þess að gröfin sneri norður – suður er talið að hún sé kuml – úr heiðni – og það sem styður það enn frekar er gerðfræðigreining spjótsoddsins sem mun vera af K-gerð sem tímasetur það aftur á 10. öld (sama heimild, 85-86).

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1966 rifjar Kristján Eldjárn upp bréf sem Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði hafði borist árið 1939 frá Birni Björnssyni kaupmanni. Björn hafði verið á ferðalagi og staldrað við á Gömlu-Grímsstöðum og séð þá undir tóftarbroti rétt við veginn „uppblásna mannabeinagrind eða beinahrúgu, réttara sagt, innan um nokkra steina, sem sennilega hafa verið notaðir við dysjunina.“ (Kristján Eldjárn 1966, 123). Björn tók mynd af beinunum og sendi Matthíasi. Ekki virðist hafa farið fram rannsókn á beinunum. Það hafa þá fundist leifar þriggja eða fjögurra einstaklinga við Gömlu-Grímsstaði, eftir því hvort tveir eða þrjú hafa legið í kumlinu en þessi beinagrind sem Björn Björnsson hefur fundið er elsta heimild um mannabein á Hólsfjöllum. Sú beinagrind gæti allt eins verið úr kristnum grafreit þar sem ekkert fannst með henni sem gæti gefið vísbendingu um hvort hafi verið að ræða heiðinn eða kristinn grafreit enda var bænhús á Grímsstöðum samkvæmt Jarðabókinni frá 1712. Afstaða beinanna til mannvistar- eða gjóskulaga hefur heldur ekki verið ljós.

DÝRABEINAGREINING: Bandaríkjamaðurinn Thomas Amorosi greindi einnig dýrabeinasafn frá Gömlu-Grímsstöðum sem innihélt 745 bein og beinabrot. Þar af voru 656 bein eða beinabrot af sauðfé (með geitum) og 62 stykki úr nautgripum, eða 91,36% sauðfjár gagnvart nautgripum og 8,64% nautgripir gagnvart sauðfé. Áhugavert er að í dýrasafninu voru einnig bein af hrossum, sel og 2 bein eða beinabrot af hreindýri sem þýðir að safnið er ekki eldra en frá 1771 því þá voru fyrstu hreindýrin flutt inn frá Noregi (Thomas Amorosi 1996, b. I:190-91; b. II: 627-91).

GJÓSKULAGARANNSÓKN – TÍMASETNING: Í tengslum við samningu mastersritgerðar höfundar voru haustið 2003 hreinsuð snið í tóftum á Hóli í von um að geta aldursgreint mannvist út frá gjóskulögum. Eitt þessara sniða, Snið 1, sýndi vel mannvistar- og gjóskulög: „Elstu merki um mannvist má sjá stuttu ofan við Landnámssyrpuna (sjá mynd 1). Aðeins um 0,5 cm eru á milli efri marka LNS og mannvistarlaga, sem bendir til að stuttur tími hafi liðið á milli þess að yngsta lag LNS féll og búseta hófst á Hóli. Leidd hafa verið rök að því að yngsta gjóskulag LNS sé frá því um 950 e.Kr. með upptök í Veiðivötnum (Magnús Á. Sigurgeirsson o.fl. 2002). Í ljósi þess má með nokkurri vissu tímasetja fyrstu merki um mannvist á Hóli til seinni hluta 10. aldar. Gjóskulagið H-1158 er 8-9 cm ofan við LNS í sniði III sem styður þessa tímasetningu“. (Magnús Á. Sigurgeirsson 2003, 1). Af sniðteikningu Magnúsar má sjá að mannvistarlög á Hóli eru nánast alveg samfelld fram á 18. öld en þá tekur foksandur við sem hefur að líkindum komið í stað yngstu leifanna því bærinn fór ekki í eyði fyrr en í lok 19. aldar.

Á Gömlu-Grímsstöðum voru einnig hreinsuð snið en þar fannst ekki snið sem gaf til kynna jafnháan aldur og snið 1 á Hóli. Í sniði 11 á Gömlu-Grímsstöðum varð ekki vart mannvistar fyrr en skammt neðan við gjóskulagið H-1477. „Út frá afstöðu til „a“-lagsins gætu þau [elstu mannvistarlögin] verið frá fyrri hluta 15. aldar.“ (Magnús Á. Sigurgeirsson 2003, 2). Vel er hugsanlegt að með frekari rannsóknum væri hægt að finna snið sem léti í té upplýsingar um eldri mannvist enda er nóg af sniðum til að rannsaka. Skilyrði voru ekki þau bestu við vettvangsrannsóknir 2003, því töluverður snjór var yfir öllu.



Heimild: Magnús Á. Sigurgeirsson. 2003, 3-4.

ÍSLENSKT FORNBRÉFASAFN (D.I.):

[um 1400]: Í máldaga og landamerkjaskrá kirkjunnar í Hafrafellstungu sem tímasettur er til 'um 1400' í þriðja bindi fornbréfasafnsins en til 'um 1500' í því tíunda, enda gæti hún verið frá hvaða tíma sem er á 14. eða 15. öld, segir „En hid fremra Rædur Vrdaraas og Reydur j Motz vid Hool a Fialli” (DI X, 57 sbr. DI III, 652).

1.9.1408: Í gerningi um veitingu Möðrudalsstaðar kemur fram að kirkjan þar eigi „alt Egg-Varp og Dún m[illu]m Vatnsleisana fyrir nedan Grimstade“ (DI XII, 38).

6.8.1491: Í kaupmálabréfi Jóns Finnbogasonar og Helgu Sæmundsdóttur, sem gert er í Hafrafellstungu, kemur fram að téður Jón lætur Hafrafellstungu í Öxarfirði, Gilsbakka og hálfan „hol a fialle. er liggja í skinnastadapingum“ (DI VI, 761) koma fyrir þær jarðir er Helga hafði átt í hans garði. Fram kemur að jarðirnar þrjár séu samanlagt metnar á 32 hundruð, sem er ekki fjarri þeim 36 hundruðum sem þær voru samanlagt 1695 og 1712, en munurinn gæti legið í því að Helga hafi átt að koma vel út úr kaupunum, fremur en að einhver jarðanna hafi verið verðminni á 15. öld.

[um 1500]: Í rekaskrá og máldaga Skinnastaðakirkju í Öxarfirði segir: „kirkian æ landareign fram vid gil fram fra lundum oc vpp a motz vid hool a fialle...oc v kapla gongu a vetur j hoolz jord a fialle.“ (DI VII, 466).

30.4. 1514 og 26.4.1517. Í tveimur samhljóða vitnisburðum lýsir Eiríkur Ormsson því „ad eg heyrda fodur minn Sera Orm Eireksson því lysa. ad Grimstader a fialli lægi under Maudrudalskirkju ad ollum skyldum” (D.I. VIII, 483, 610). Samkvæmt því hafa Grímsstaðir átt sókn til Möðrudals, og þar með hafa mörk biskupsdæmanna legið öðruvísi en síðar varð, en vera má að vitnisburðurinn bendi frekar til þess að um þetta hafi hafi komið upp vafi eftir að Grímsstaðir höfðu legið lengi í eyði eins og fram kemur í næstu heimild í tímaröðinni:

1525: Í skrá um eignir Hóladómkirkju, sem Jón Arason lét taka saman þegar hann tók við biskupssembætti 1525, eru „grimsstader á austuraufum“ taldir ásamt fleiri býlum sem hafi óbyggð verið í 30 ár eða lengur (DI IX, 302).

6.12.1532: Í vitnisburðarbréfi um landamerki Möðrudals á Fjalli lýsir Jón Guðmundsson landmerkjum Möðrudals, en hann hafði alist upp í Möðrudal til 19 ára aldurs hjá föður sínum, séra Guðmundi Jónssyni sem var staðarhaldari. „ad Skalholtzstadar eign hefde þa vered halldin halfer Grimstader a fialle. enn Maudrudalsstadar halfer. ok sinn fader hefde þar haft egg ok fugl. skog ok gras. oc allar landznytjar. enn landamerke ofan ad a þeirre sem kaullud er Vatsleysa. her sagde hann ongvan hafa atalad medan hann visse.“ (D.I. bindi IX, 638). Mögulegt er að Jón hafi verið fjörgamall þegar þessi lýsing var höfð eftir honum og hún eigi við eignarhald á Grímsstöðum um 1470–80 (um 1488 var í Möðrudal annar prestur en séra Guðmundur (DI VII, 198–99)) og að Hólastaður hafi eignast hlut Möðrudalskirkju í Grímsstaðalandinu eftir það, væntanlega þá í skiptum fyrir aðrar eignir. Einnig er mögulegt að eignarhald Möðrudalskirkju hafi ekki verið raunverulegt, heldur hafi Möðrudalsprestar haft not af landinu meðan það var í eyði, og ef til vill réttlætt þau með tilvísun í ítakið.

1557: Í reikningi um kirkjutiundir í Skinnastaðapingum stendur „Holl a fjalli vijj“ og virðist það merkja að jörðin hafi verið metin á 8 hundruð, og út frá því megi reikna tíundarupphæðina (DI XIII, 265). Klausan er ekki í stil við aðrar í reikningnum þar sem tilgreindir eru tíundargreiðendur með nafni og gefinn upp skattstofn þeirra ásamt jarðareign. Útgefandi segir í neðanmálgrein að færslan sé nokkuð laus við og gæti það bent til að henni hafi verið bætt við seinna eða að hún sé óskyld minnisgrein um dýrleika Hóls. Þetta gæti bent til þess að Hóll hafi verið í eyði þegar reikningurinn var skrifaður, en það gæti þá varla hafa verið nema tímabundið því Skinnastaðaprestur getur ekki hafa vænst tíundargreiðslna af eyðibýli. Einnig er mögulegt að sá sem færði til bókar hafi ekki vitað hver ætti Hól því eigendur hinna jarðanna eru nefndir á nafn. Það gæti verið visbending um hve fjarlægur Hóll á Fjalli var í hugum fólks.

1558: Í öðrum reikningi um kirkjutiundir Skinnastaða ári síðar kemur fram að tíund hafi ekki goldist af Hóli á Fjalli, en ábúandi er ekki nafngreindur þar, eins og annars í skránni, fremur en eldri reikningi og virðist þetta helst benda til að ábúð á Hóli hafi verið óstöðug um þetta leyti (DI XIII, 361).

8.9.1563: Í bréfi þar sem Ólafur Hjaltason Hólabiskup gefur frænku sinni Ragnhildi Arnardóttur „þann part í eydikotinu Grímstodum sem reiknadur hefur verit Holakirkju motz uid Skalholtzmenn sem kalladur hefur verit iijc“ kemur fram að Hólakirkja hafi „í nestu hundrad aar aungua gagnsmune af þeim jardarparti haft ad gamalla manna sögn sannordra.“ Á móti lagði hann Hólakirkju jörðina Skárastaði í Austurdal í Miðfirði (DI XIV, 139–40), sem samkvæmt Jarðabókinni voru 6 hundraða jörð (JÁM VIII, 71–2). Af þessu sést að Grímsstaðir hafa verið metnir í heild á 6 hundruð eins og síðar var, en jafnframt virðist sem jörðin hafi legið í eyði áratugum saman eða a.m.k. verið í svo ótryggri byggð að landeigandinn hafði ekki af henni neinar tekjur.

21.9.1566: Í jarðakaupabréfi kemur fram að séra Sigurður Jónsson lætur Þórð Pétursson fá Hól á Fjalli með 4 kúgildum fyrir 14 hundruð upp í andvirði Klifshaga í Öxarfirði (DI XIV, 527). Þetta gæti bent til að Hóll hafi um þetta leyti verið metinn á 10 hundruð, en líklega virðist að jörðin hafi verið metin rúmt í þessum kaupum þar sem Þórður stóð augljóslega höllum fæti gagnvart Sigurði.

1575: Í Gíslamáldögum eru taldar upp eignir Möðrudalskirkju og þar segir: „Item stadurenn leigdur fyrir .xv. fiorduunga smiors med halffum Grijmstöðum.“ (DI XV, 675). Af þessu má ráða að Möðrudalskirkja hafi ennþá eignað sér helming Grímsstaðalandsins á seinni hluta 16. aldar og kemur það illa heim og saman við aðrar heimildir, einkum um eignarhald Ragnhildar biskupsfrænku á þeim helmingi eftir 1563. Vera má að máldaginn hafi verið gamall þegar hann var tekinn upp í máldagasafn Gísla, en þó virðist klausan um Grímsstaði ekki þess eðlis. Einnig er mögulegt að þessi helmingur Grímsstaða sé sá hluti sem Skálholt átti (þ.e. öfugt við 1532 þar sem skýrt er tekið fram að Möðrudalshluti sé á móts við Skálholtshluta) og að biskupar hafi leyft Möðrudalsklerkum að hirða landskuld af stólseigninni í Grímsstöðum. Hugsanlegt er þó að þetta sé

enn ein vísbendingin um að Grímsstaðir hafi verið í eyði lengst af 16. aldar og að Möðrudalsklerkar hafi nytjað hana á meðan.

Af þessum heimildum má ráða að Hóll hefur ávalt verið bændaeygn og hugsanlegt er að byggð hafi verið þar stopul, eða ábúendaskipti í það minnsta tíð, um miðja 16. öld. Hálfir Grímsstaðir voru eign Skálholtskirkju a.m.k. frá fyrri hluta 16. aldar – og hugsanlega löngu fyrr – þar til sá partur var seldur með öðrum stólseignum í lok 18. aldar (AÍ XVI, 589). Hinn helminginn virðist Hóládómkirkja hafa átt, a.m.k. milli 1525 og 1563 en á einhverju stigi málsins á 16. öld virðist Möðrudalskirkja hafa eignað sér þann hluta einnig. Löngu síðar (t.d. árið 1700 – AÍ IX, 185) var sá hluti bændaeygn og er ekki að finna neinsstaðar í prentuðum gögnum skýrar heimildir fyrir eignarhaldi Möðrudalskirkju á hálfum Grímsstöðum. Hinsvegar eru ýmsar vísbendingar um ásælni Möðrudals á Grímsstaði á 15. og 16. öld, frá itakinu sem nefnt er 1408 – en ekki í neinum öðrum miðaldamáldögum Möðrudals, t.d. ekki ítarlegum máldaga frá 1493 (DI VII, 198–99) – til vitnisburða um að Grímsstaðir hafi átt sókn til Möðrudals á fyrri hluta 16. aldar og einhliða yfirlýsingum Möðrudalsmanna um að þeir hafi átt hálfu Grímsstaði 1532 og 1575. Ýmislegt bendir til að Grímsstaðir hafi legið í eyði framan af 16. öld. Það kemur beinlínis fram að jörðin hafi verið í eyði í meir en 30 ár 1525, væntanlega frá plágunni síðari 1495, og 1563 er sagt að Hólastóll hafi ekki haft neitt gagn af jörðinni í meir en 100 ár. Hafi Grímsstaðir legið í eyði áratugum saman er ekki ólíklegt að næstu nágrannar hafi viljað nytja landið og smátt og smátt farið að finnast að þeir ættu það í nafni vana og gamallar hefðar.

Því var það athyglisvert þegar hreinsað var snið haustið 2003 í tóftum Hóls – að líkindum elsta bæjar á Hólsfjöllum – skyldi koma í ljós að búseta hafi komist þar á strax á 10. öld (Magnús Á. Sigurgeirsson, 2003, 3–4). Í kumlið á Gömlu-Grímsstöðum gæti því hafa verið lagður „heimamaður“ en ekki ferðalangur eða einhver annarsstaðar frá sem grafinn hefur verið við útmörk stórs landnámsvæðis.

Svo virðist sem Hóll og Gömlu-Grímsstaðir séu fyrstu bæirnir á Hólsfjöllum og samkvæmt fornleifafræðilegum vísbendingum virðist Hóll jafnvel vera eldra býli en Gömlu-Grímsstaðir (Sbr. gjóskulagagreiningu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar) en skýrar vísbendingar eru um að byggð hafi hafist á báðum stöðum á 10. öld. Þriðji bærinn, Hólssel, byggist svo um 1650 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls (JÁM XI, 322). Til viðbótar eru tvö fornleg eyðibýli á Hólsfjöllum og er lítið sem ekkert vitað um þau. Annars er getið í Jarðabókinni: „Barkastader eður Backastader kallast örnefni suður undir Grímstaðanúp, þar atla menn að í fyrndinni hafi byggð verið, þó þess sjáist nú lítil merki af tóftarústum. Ekk má hjer byggð setja fyrir heyskaparleysi. Tóftarústimar eru og viði vaxnar.“ (JÁM XI, 321–322). Við fornleifaskráningu sumarið 2003 fundust rústir sem gætu verið af Bakkastöðum, um 7 km suðsuðvestur frá Gömlu-Grímsstöðum. Tóftirnar eru vandgreinanlegar – illa blásnar – en sjá má steina og bein liggja ofan á melnum (sjá fornleif NÞ041_020 í skráningarskýrslu). Hitt

eyðibýlið er *Prælagerði* í landi Viðirhóls (Fjallgarðssels), fast sunnan við stöðuvatn sem kallast Viðarvatn, og er enn vel sýnilegt en lynggróið og fornlegt. Ekki er minnst á Prælagerði í Jarðabókinni en þar má sjá 4 signar tóftir (sjá fornleif NÞ040_022 í skráningarskýrslu).

Um miðja 19. öld byggjast svo 7 nýbýli á Hólsfjöllum í takt við það sem gerðist víða annarsstaðar um landið.

4. MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD KÖNNUNARSKURÐA SUMARIÐ 2008

Markmið könnunarskurða sumarið 2008 var eins og fyrr segir að kanna umfang mannvirkja og aldur þeirra út frá þekktum gjóskulögum. Einnig stóðu vonir til að uppskera vísbendingar um hlutverk og gerð tóftanna. Skemmst er frá því að segja að niðurstöðurnar lofuðu góðu en auðvitað fannst aðeins smjörþefurinn af því sem þarna býr í jörðu. Könnunarskurðir eru þess eðlis að þeir geta ekki veitt heildræna mynd. En ef skurðgröfturinn heppnast vel – hittir á vel greinileg mannvirki og gjóskulög – þá öðlast grafarinn leiftursnögga innsýn í fortíðina sem getur skilað miklum upplýsingum á skjótan hátt þrátt fyrir að samhenginu sé ábótavant.

Vinnulagið sem notast er við hefur verið kennt við einingar (e. context) og talað um að grafið sé eftir „einingakerfinu“. Samkvæmt því kerfi er mannvistar- og jarðlögum fletta af einu í einu og hvert lag teiknað, hæðamælt og ljósmyndað áður en það er skafið af. Einingakerfi þetta nýtur sín best þar sem mannvistarlög eru mörg og frá mismunandi tímum, t.d. í borgaruppgröftum. Með þessari aðferð er nokkuð öruggt að fundnir gripir fara ekki að villast á milli laga, heldur kemur aðeins eitt lag til greina, það sem er verið að vinna með. Tේð einingakerfi var notað við rannsóknina á Hólsfjöllum.

Hér á eftir verður farið yfir uppgröftinn, lið fyrir lið, og í 6. kafla verður svo reynt að draga ályktanir af því sem fram kom í vettvangsrannsókninni.

BAKKASTAÐIR (NB041-020) (N65°33.021 V16°05.818)

BARKASTADER EDUR BACKASTADER KALLAST ÖRNEFNI SUÐUR UNDIR GRÍMSTAÐANÚP, ÞAR ATLA MENN AÐ Í FYRNDINN HAFI BYGÐ VERIÐ, ÞÓ ÞESS SJÁIST NÚ LÍTL MERKI AF TÓFTARÚSTUM. EKKI MÁ HJER BYGÐ SETJA FYRIR HEYSKAPARLEYSI. TÓFTARÚSTIRNAR ERU OG VIÐI VAXNAR. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712).



Illá blásnir Bakkastaðir á sv-bakka Núpagrófar

Sú kynslóð bænda á Grímsstöðum sem nýlega er fallin frá vissi af tóftum Bakkastaða suður undir Grímsstaðanúp. Yngri menn heyrðu talað um þetta örnefni en vissu ekki nákvæmlega hvar hinar meintu tóftir ættu að vera. Eftir leiðbeiningum Braga Benediktssonar bónda á Grímsstöðum tókst skýrsluhöfundur að finna hinar uppblásnu tóftir – sem hljóta að vera umræddir Bakkastaðir – við fornleifaskráningu sumarið

2003. Einu ummerkin voru steinar sem gægðust upp úr melnum og skáru sig úr, hleðslulgrjótt úr húsunum, allt úr lagi gengið.

Páll Pálsson frá Aðalbóli og Sveinbjörn Rafnsson gengu á þessar sömu tóftir árið 1991 og fundu þar sex kljásteyna, nokkur brýni og járnadót. Páll lagði fundina inn til Minjasafns Austurlands þann 11. september 1997 (samtal).

„HELGIN 15. OG 16. ÁGÚST 2008. BJART VEÐUR OG BÝSNA HLÝTT, UM 10°C EN ALLHVASST. FLÆKTUMST UM SVÆÐIÐ NORÐAN VIÐ GRÍMSSTAÐANÚPA, ÞRÆDDUM ALLAR GRÓÐURTORFUR OG GRÓFIR Í ÞEIRRI VON AÐ FINNA EINHVERJAR FREKARI MANNVISTARLEIFAR EN ÞÆR SEM HÖFÐU VERIÐ SKRÁÐAR SUMARIÐ 2003. FUNDUM TVÖ STAÐI SEM OKKUR ÞÓTTI NOKKUÐ LÍKLEGT AÐ ÞAR HAFI STAÐIÐ HÍBÝLI MEÐ TILLITI TIL VATNS, FLATNESKJU OG ÚTSÝNIS EN ENGAR FUNDUST ÞÓ MANNVISTARLEIFARNAR ÞÓTT OKKUR ÞÆTTU STAÐIRNIR SENNILEGIR. KOMUMST Á ÞAÐ AÐ STAÐURINN FRÁ 2003 VÆRI SÁ EINI SEM KÆMI TIL GREINA, ENDA STEMMDI HANN NOKK VIÐ ÞAÐ SEM BRAGI BÓNDI TALDI LÍKLEGAST Á ÞESSU SVÆÐI.“ Dagbókafærslur UÆ

Norðan við Syðri-Núpin er mikið rof, naktir melar ráða ríkjum þótt litlar gróðurtorfur séu eins og hólmar eða smáeyjar hér og hvar, einna helst í hlíðarrótum Núpsins. Vatn rennur í Núpagróf sem hlykkjast úr báðum Núpunum í suðuðaustri og út í Jökulsá í norðnorðvestri. Lækurinn hefur grafið sig drjúgt niður og er því Núpagrófin talsverður farartálmi. Annars er ekki mikið um vatn á þessu svæði og því virðist eðlilegt að hafa bæ í námunda við grófina.

Við Bakkastaði var þó ákveðið að grafa einn skurð, 0,8 m x 0,8 m að stærð, því það hefur sýnt sig að stundum leynast minjar undir þar sem virðist vera örfoka land. Ekkert var að sjá í þeim skurði utan náttúrulegs og óhreyfðs sands. Grjótið sem sér í ofan í sandinum virðist vera einföld steinaröð sem ekkert er undir, hvorki aðrir steinar né mannvistarlög. Ekki fer á milli mála að grjótsamanburðurinn er af manna völdum en minjastaðurinn er svo gjörsamlega blásinn að ekki er tægju af mannvistarlögum að sjá. Nokkur kindabein liggja við grjótið en þurfa alls ekki að standa í neinu sambandi við búsetu á Bakkastöðum. Tvö brýnisbrot úr skífi fundust, annað 14,5 cm langt og breiðast um 3 cm og þykkast 1 cm. Hitt brýnið var mun minna (7 x 1,3 x 1 cm).

Í sjálfu sér er því lítið hægt að segja um Bakkastaði nema það að þarna eru við það að mást út ummerki mannvistar sem ómögulegt er að aldursgreina með nokkurri vissu þar eð allt slíkt sem mætti nota til þess er blásið í burtu. Kljásteynar og brýni breyttust lítið frá landnámsöld og fram á 19. öld þannig að þeir gripir eru ekki vel til þess fallnir að leggja út af aldri. En það er ljóst að tóftirnar – ef hægt er að tala um tóftir yfir svo gjörblásnar steinaraðir – eru gamlar því eins og kemur frá hjá Árna og Páli í Jarðabókinni frá 1712 þá eru tóftirnar þá þegar orðan viði vaxnar.



Bakkastaðir, horft í N

ÞRÆLAGERÐI (NP-040:022) (N65°41.746 V16°03.752) er í landi Víðirhóls í gamla Fjallahreppi – sem nú tilheyrir Öxarfjarðarhreppi – í Norður-Þingeyjarsýslu. Viðarvatn er allstórt stöðuvatn á flatlendi nokkru vestan Víðirhólsfjallgarðs. Fyrir miðju vatninu að sunnan eru tóftirnar um 3,5 km suður frá Víðirhóli og um 4 km í suðaustur frá Gamla-Hóli. Sunnan vatnsins, u.þ.b. 10 m, er greinilegur, gamall vatnsbakki (kambur), býsna hár. Um 2 m sunnan við bakkann kúra tóftirnar, SSV af viki sem er í vatnið syðst. Ólíkt Bakkastöðum þá er landið umhverfis Þrælagerði vel gróið

lyngi. Sunnan vatnsins er mólendi, loðið kvisti og stórþýft. Vestan og norðvestan tófta eru hörð og snögg móaholt. Tóftirnar eru í lægðardragi – aflíðandi dokk eða skál og er því einsýnt að snjór hefur lagst þétt að húsum og sennilega legið langt fram á vor. Tóftirnar sjást ekki fyrr en komið er næstum alveg að þeim og það sem meira er að sjálf fjalladrottningin, Herðubreið, sést ekki frá tóftunum! Ef tóftirnar væru nokkrum metrum sunnar, þá myndi hún blasa við í allri sinni dýrð.


Tóftirnar eru fjórar, hús I áberandi stærst. Allar eru þær víði- og lyngi grónar. Tóftirnar eru allar, utan tóftar II, nokkurskonar stabbar, þ.e. varla er hægt að greina innri hliðar útveggja, hvað þá innveggi. Það má leiða að því líkum að tóftirnar líti svona út, eins og fleiri gamlar tóftir á svæðinu, vegna mikils áfoks. Grjót er ekkert að sjá en það gæti þó leynst í hleðslum.

Tóft I er sú stærsta, 14 m N-S og um 10 m á breidd og er hleðsluhæð að jafnaði um 0,6 m. Í miðri tóft er talsverð dokk, um 2 m N-S og um 1,5 m á breidd. Önnur dokk er nyrst í tóftinni og snýr hún A-V á lengdina, 7 m, og er rúmur 1 m á breidd. Fyrir miðjum suðurvegg er dyraop.

Tóft II er um 4 m suður frá húsi I, og er nokkurnveginn hringlaga, 6 m N-S og 5 m A-V, með dyraopi til norðausturs. Innri hlið útveggja er vel greinileg. Hleðsluhæð er um 0,7 m.

Þúst III er um 4 m vestur af húsi I. Öfugt við hús I snýr þústin A-V á lengdina, 12 m og um 7 m á breidd. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. Ekkert sig er greinanlegt inni í „tóftinni“ enda kom það á daginn þegar grafið var í þessa meintu tóft, eins og vikið verður að hér á eftir, að um var að ræða náttúrlegan hól en ekki tóft! Framan við austurenda þústarinnar er eins og stakur garður, 5 m langur A-V, sem sennilega er manngerður.

Tóft IV er um 18 m vestur af miðju húss I. Tóftin er um 7 m N-S og um 5 m á breidd. Norðarlega í tóftinni er sig, innra lag útveggjar, en annars er tóftin eins og stabbi. Dyraop má greina sem snýr mót norðri, að vatninu. Hleðsluhæð er um 0,6 m.



Afstöðumynd af tóftum Þrællagerðis. Skurðirnir sem grafnir voru merktir inn

Engar ritaðar heimildir eru til um Þrælagerði: ekki er minnst á það í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 og kannski þess vegna hvílir ákveðin dulúð yfir tóftunum í huga heimamanna.


Grafnir voru þrjár skurðir við Þrælagerði, í tóftir I, II og III. Skurður I var sá sem skilaði mestum upplýsingum og voru tekin sýni úr þeim skurði og þau send til gjóskulagafræðings til rannsóknar. Komið verður betur að því í niðurstöðukaflanum hér á eftir. Skurður II staðfesti að tóft II var raunveruleg tóft því komið var niður á torfvegg. Skurður III sem grafinn var í „tóft“ III staðfesti hinsvegar að um náttúrulega hæð væri að ræða.

SKURÐUR I



Samsettar ljósmyndir af norðursniði í skurði # 1

Ákveðið var að grafa fyrsta skurðinn í stærstu tóftina, þvert yfir vesturúttegg og inn í miðja tóft. Skurðurinn var um 1 m á breidd og tæpir 5 m á lengd. Undir grasrótinni var áfoksefni – gróðurmold – og þá gulflekkótt áfoksmold. Þar undir var svo komið niður á mikið og þykkt gjóskulag, dökkgrátt á lit sem fékk á sig bláa slíkju þegar það þornaði, gjósku af Veiðivatnasvæðinu sem féll árið 1477. Undir þessari þykku gjósku var rauðbrúnt lífrænt lag sem gæti verið gróður sem gjóskan V1477 hefur drepit er hún féll. Þá taka við ýmis áfokslög þar til komið er niður á torfhrun bæði innan veggjar sem utan og svo verður fyrir torfveggur. Þar sem þykk mannvistarlag og gjóskulög eru undir gjóskulaginu V-1477 og leggjast upp að torfveggnum er ljóst að veggurinn er eldri en frá 1477. Hér að neðan má sjá sniðteikningu og mismunandi jarð- og mannvistarlagum er lýst undir myndinni.



* Sniðteikningin er aftast í skýrslunni í betri upplausn.

- A:** Grasrót (topsoil)
- B:** Áfokslag: ljósbrún, einsleit og hrein mold
- C:** Gjóska: Dökkgrá með blárri slikju (1477?)
- D:** Lífrænt lag: rauðbrúnt. Hugsanlega gróðurleifar undan gjósku C
- E:** Ljósleit – gulleit og rauðbrún áfokslög. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- F:** 1–2 cm þykkt grófkornótt gjósku- eða sandlag. Röndin er vel greinanleg – þétt í sér – inni í tóftinni en verður slitróttari eftir því sem færir upp á vegginn (K)
- G:** Áfokslag: matt og daufrúnt lag, einsleitt. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- H:** Torfhrun: torfdrasl blandað lífrænni mold. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- I:** Kolablettur eða -lag, býsna þétt fyrir. Hugsanlega er um gólf að ræða inni í tóftinni
- J:** Lífrænt blandað lag, rauðfleckótt með einstaka kolaögnum. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- K:** Torfveggur
- L:** Lagskipt lag, hugsanlega áfok. Sandur lífræn mold eða torf.
- M:** Blandað áfokslag, sendið og lífræn mold eða torf. Ljóst, rauðleitt; skellótt. Hugsanlega H1158 samanvið.
- N:** Torfhrun úr vegg K. Hefur hrunið út. Liggur upp að vegg K að utanverðu
- O:** Ólífugræn gjóska, fingerð. Er fingerð austast, næst vegg K, en verður grófari eftir því sem vestar dregur
- P:** Svargrá gjóska, grófkornótt
- Q:** Yfirborð sem veggur K virðist vera byggður á. Minna en 0,1% kolaagnir og er lagið torfkennt, drjúg lífrænt. Appelsínugult og svagrátt, býsna svipað lagi J
- R:** Áfokslag, blandað ljósu og dökku fokefni

Sýni voru tekin úr gjóskulögum og þau send Magnúsi Á. Sigurgeirssyni jarðfræðingi og sérfræðingi í gjóskulögum. Ef túlkun hans á afstöðu gjóskulaga til mannvistaleifa er skoðuð í gegnum gleraugu fornleifafræðinnar má leiða að því líkum að mannvirki í hafi staðið þegar Veiðivatnagjóskan frá 1410 féll. Ef reynist rétt að gjóska H-1158 sé í lagi M (blendið áfokslag eða torf) gæti það ýmist þýtt að veggurinn sé eldri en frá 1158 eða, ef Heklugjóskan er í torfi, að torfið hafi verið stungið eftir 1158 en þó fyrir árið 1410. Hinsvegar er ekki pottþétt að ljósa gjóskan í lagi M sé H-1158 því hún gæti mögulega verið úr forsögulegri Heklugjósku (Magnús Á. Sigurgeirsson 2008). Magnús túlkar sýni sem tekið var úr torfveggnum, en í honum var talsvert af dökkri gjósku, sem svo að sú gjóska gæti verið úr gjóskulögum landnámsseriunnar svokallaðrar. Yngsta lag seriunnar er frá miðri 10. öld (sama heimild). Magnús telur að útfrá því hve þykk áfokslögin eru ofan á torfveggnum geti hann verið frá því allöngu fyrir 14. öld og jafnvel telur hann ekki útilokað, með hliðsjón af gjóskulögum og jarðvegsþykktum, að veggurinn sé frá 10.-11. öld (sama heimild).

Innan við vegginn, inni í tóftinni, var komið niður á grjót og viðarkol sem hafa að líkindum sáldrast útfyrir steinana sem hafa átt að halda eldi – og eldsmat – í skefjum. Kolalagið var afmarkað þannig að ólíklegt verður að teljast að um gólfyfirborð sé að ræða og því mun líklegra að steinarnir sé vesturhlíð eldstæðis sem verið hefur í miðju hússins A-V.



Skurður # 1. Torfveggurinn sést vel. Horft í A



Skurður # 1. Fjær sést torfveggur en næst eru steinar úr hugsanlegu eldstæði – viðarkolsdreif umhverfis. Horft í V

Skurður II

Undir grasrót í skurði II í tóft II var fremur einsleit áfoks/gróðurmold og þá þykka dökkgráa gjóskan frá Veiðivatnasvæðinu sem féll 1477, um 5 cm þykk. Því næst er sama rauðleita, lífræna lagið eins og í skurði I, en svo um 45 cm undir sverði er torfhrun og þá, um 50 cm undir sverði, er komið niður á torfvegg. Ekki var veggurinn grafinn fram neitt betur því ekki var talið að léti í té aðrar upplýsingar en þær sem þegar voru í hendi, að um mannvirki væri að ræða, innsiglað af V-1477 gjóskunni.

SKURÐUR III



Skurður # 3 sem varð að náttúrulegum hól. Horft í S

Í tóft III var grafinn 4 m langur skurður og um 1 m breiður og sneri hann N-S á lengdina. Grafið var niður á 85 cm frá sverði, syðst. Frá sverði eru 25 – 30 cm niður á stóra dökkgráa gjóskulagið V-1477 sem er geysipykkt, um 20 cm þykkast. Frá sverði niður á næsta afgerandi gjóskulag eru um 80 cm en það lag er snjóhvitt og mun sennilega vera forsögulegt gjóskulag, hugsanlega Hekla 3. Á milli þessarra tveggja gjóskulaga eru ýmis áfokslög og svo fremur dökk, lífræn lög, t.d. hið rauðleita sem er undir V-1477. Engin merki mannvistar voru að sjá í skurðinum. Um miðbik skurðarins var tekin dýpri hola, um 1 m frá sverði til að ganga úr skugga um hvort ekki leyndust mannvistarlög en svo var ekki.

5. NIÐURSTÖÐUR


Eins og áður hefur verið minnst á, þá verkar það undarlega að fólk hafi sett sig niður svo ofarlega í landinu og svo langt frá sjó, jafnvel strax á 10. öld. Byggðin á Hóli, væntanlega elsta byggða bóli á Hólsfjöllum, hófst á 10. öld samkvæmt aldursgreiningu ú frá gjóskulögum (Magnús Á. Sigurgeirsson 2003). Gömlu-Grímsstaðir hafa hugsanlega byggst eitthvað seinna en þó er það ekki víst þar eð kuml úr heiðni fannst þar 1962.

Það kann að þykja einkennilegt ef tveir bæir hafa verið í byggð á sama tíma, um aldir, en það hafi verið svo langt á milli þeirra, um 15 km. Þessvegna er ekki úr vegi að álíta sem svo að þessar tvær gömlu tóftir, Bakkastaðir og Þrælagerði hafi verið einhverskonar hjáleigur frá stærri bæjunum Gömlu-Grímsstöðum og Hóli. Fornleifakönnunin sem fór fram sumarið 2008 styður þó ekki endilega þá kenningu því lítið er í hendi um aldur og gerð Bakkastað því jarðvegseyðing hefur verið svo gríðarleg syðst á Grímsstaðalandinu. Þannig að ekkert er sannað né afsannað þar. Hinsvegar virðist staðsetning og gerð Þrælagerðistöftanna vera þess eðlis að ekki er sennilegt að þar hafi verið heilsárs búseta. Tóftirnar eru til þess að gera litlar um sig og þær sitja lágt í landinu svo snjór og vatn hlýtur að hafa setið þar uppi að því gefnu að landið hafi ekki breyst mikið. Því virðist sennilegra að Þrælagerði hafi verið sel frá Hóli, fólk hafi haft þar aðsetur að sumarlagi því eldstæðið og viðarkolin gefa skýra vísendingu um að fólk hafi hafst þar við.

Rannsóknir á Hólsfjöllum er spennandi viðfangsefni, svæðið er að mörgu leyti sérstakt vegna staðsetningar svo hátt yfir sjó, hve langt inni í landi svæðið er og hve óvenjulega strjálbýlt það virðist hafa verið í gegnum aldirnar. Fjöllin eru ekki síst athyglisverð vegna þess hve snemma byggð virðist hafa verið komin þar á og einnig vegna þess að sveitin virðist hafa haldist í byggð nærri sleitulaust til okkar tíma. Von er til að frekari rannsóknir á komandi árum muni varpa enn skírara ljósi á þessa háfjallabyggð.

6. HEIMILDIR

- Amorosi, Thomas. 1996. *Icelandic Zooarchaeology: New Data Applied to Issues of Historical Ecology, Paleoeconomy and Global Change*, b. I:190–91; b. II: 627–91. UMI Dissertation Services – A Bell and Howell Company, Ann Arbor, Michigan.
- Anna Bragadóttir. 2003. *Tengsl örnefna og gróðurfars á Hólsfjöllum*. B.S. ritgerð í Jarð- og landfræðiskor. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943 [1712]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands, Kaupmannahöfn.
- Diplomatarium Islandicum (Íslenskt fornbréfasafn), bindi: III, VI, VII, VIII, IX, X, XII, XIII, XIV, XV. 1896–1950. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Hjörleifur Gottormsson. 1987. „Á Hólsfjöllum“ í *Árbók Ferðafélags Íslands: Norð-Austurland – hálendi og eyðibýggðir*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Kristján Eldjárn. 1966, útg. 1967. „Tíu smágreinir“ í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 115–138. Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík.
- Kuml og haugfé*. 2000 [1956]. Ritstj. endurútgáfu Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson. Mál og menning, Reykjavík.
- Magnús Á. Sigurgeirsson. 2003. *Fornleifarannsókn á Hólsfjöllum 2003 – Gjóskulagagreining*. Greinargerð 8. Óútgefið. Gert fyrir Fornleifastofnun Íslands.
- Magnús Á. Sigurgeirsson. 2008. *Fornleifarannsókn á Hólsfjöllum 2008 – Gjóskulagagreining*. Greinargerð 8. Óútgefið. Gert fyrir Fornleifastofnun Íslands.
- Jarðfræðikort af Íslandi. Berggrunnur*. 1989. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.
- Uggi Ævarsson. 2007. *Sögur af Fjöllum – byggðasaga Hólsfjalla*. Ma-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Þorkell Grímsson. 1965 (1966). „Tveir kumlfundir“. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 78–86. Reykjavík.



20

1 m

4 m

HÓF08 SKRÁ YFIR EININGAR (CONTEXT REGISTER)

- A:** Grasrót (topsoil)
- B:** Áfokslag: ljósbrún, einsleit og hrein mold
- C:** Gjóska: Dökkgrá með blárri sliktu (1477?)
- D:** Lífrænt lag: rauðbrúnt. Hugsanlega gróðurleifar undan gjósku C
- E:** Ljósleit – gulleit og rauðbrún áfokslög. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- F:** 1–2 cm þykkt grófkornótt gjósku- eða sandlag. Röndin er vel greinanleg – þétt í sér – inni í tóftinni en verður slitróttari eftir því sem færast upp á vegginn (K)
- G:** Áfokslag: matt og daufrúnt lag, einsleitt. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- H:** Torfhrun: torfdrasl blandað lífrænni mold. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- I:** Kolablettur eða –lag, býsna þétt fyrir. Hugsanlega er um gólf að ræða inni í tóftinni
- J:** Lífrænt blandað lag, rauðfleckótt með einstaka kolaögnum. Liggur upp að vegg K að innanverðu
- K:** Torfveggur
- L:** Lagskipt lag, hugsanlega áfok. Sandur lífræn mold eða torf.
- M:** Blandað áfokslag, sendið og lífræn mold eða torf. Ljóst, rauðleitt; skellótt
- N:** Torfhrun úr vegg K. Hefur hrunið út. Liggur upp að vegg K að utanverðu
- O:** Ólífugræn gjóska, fingerð. Er fingerð austast, næst vegg K, en verður grófari eftir því sem vestar dregur
- P:** Svargrá gjóska, grófkornótt
- Q:** Yfirborð sem veggur K virðirst vera byggður á. Minna en 0,1% kolaagnir og er lagið torfkennt, drjúg lífrænt. Appelsínugult og svagrútt, býsna svipað lagi J
- R:** Áfokslag, blandað ljósu og dökku fokefni

Uggi Ævarsson

